

Fundur í fagráði nautgriparæktar 29. júní 2021

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 29. júní 2021 og hófst kl. 10.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Hermann Ingi Gunnarsson, Elín Heiða Valsdóttir, Sigurbjörg Ottesen, Björn S. Gunnarsson, Egill Gunnarsson, Margrét Gísladóttir, Sigtryggur Veigar Herbertsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Nýtt kynbótamat
3. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 14. júní 2021, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Nýtt kynbótamat

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður kynbótamats sem var keyrt núna að loknu uppgjöri í maí. Hann sagði það ánægjulega vera að flest reyndu nautanna í notkun hefðu hækkað í mati og að úr 2016 árgangi nauta kæmi hópur öflugra nauta inn. Fundarmenn ræddu hvaða naut verða í notkun næstu mánuði og ákveðið að það verði eftirtalin naut:

Kláus 14031, Bjarki 15011, Risi 15014, Köngull 15019, Steinar 15042, Mikki 15043, Sjúss 15048, Tanni 15065, Knöttur 16006, Álmur 16007, Bikar 16008, Jarfi 16016, Skírnir 16018, Róður 16019, Dalur 16025, Kári 16026, Höttur 16028, Jónki 16036 og Númi 16038.

Nautsfeður næstu mánuði verða: Mikki 15043, Knöttur 16006, Bikar 16008, Jarfi 16016, Skírnir 16018 og Róður 16019.

Ákveðið að hækka viðmið fyrir kýr á nautsmæðraskrá í 107 í heildareinkunn en annað verði óbreytt.

3. Önnur mál

Hermann ræddi eftirlit með gæðapætti sæðingastarfseminnar. Hann hefði rætt við starfandi frjótækni sem teldi of lítið eftirlit með þessum þætti. Margrét sagði síðasta aðalfund LK hafa ályktað á þessa vegu. Þórarinn nefndi hversu slæmt það væri að á nautastöðinni væri ekki dýralæknir sem sinnti þessum þætti.

Ákveðið að Hermann og Guðmundur ræði málið við Sveinbjörn á nautastöðinni, það er hvernig koma má á reglubundinni árangursvöktun og viðbrögðum þar að lútandi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson
(sign.)

Elín Heiða Valsdóttir
(sign.)

Sigurbjörg Ottesen
(sign.)

Sigtryggur Veigar Herbertsson
(sign.)

Egill Gunnarsson
(sign.)

Björn S. Gunnarsson
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 14. júní 2021
2. Niðurstöður kynbótamats í júní